


Verkefnastjóri í upplýsingatækni

Upplýsingatækni Tryggingastofnunar leitar að drifandi og reyndum verkefnastjóra vegna aukinna verkefna. Lögð er áhersla á færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum. Í boði eru samkeppnishæf laun fyrir rétta aðila, gott starfsumhverfi, góður starfsandi og möguleiki á virkri endurmenntun. Framundan eru mörg spennandi og fjölbreytt verkefni með sérstakri áherslu á rafræna stjórnsýslu. Hlutverk verkefnastjóra er m.a. að hafa umsjón með nýsmiði, greiningu og þróun á upplýsingakerfum, eftirlit með framvindu verkefna, samskipti við þjónustuaðila og notendur, ráðgjöf, áætlanagerð og önnur tilfallandi verkefni á upplýsingatæknisviði.

- Menntunar- og hæfniskröfur verkefnastjóra:
- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun eða þekking og starfsreynsla sem nýtist vel í starfi
 - Reynsla af verkefnastjórnun og sjálfstæðum verkefnum æskileg
 - Gott vald á mæltu og rituðu máli

Nánari upplýsingar veitir Þórólfur Rúnar Þórólfsson deildarstjóri hugbúnaðardeildar (thorolfur.thorolfsson@tr.is) Vinsamlega sendið umsóknir og starfsferilsskrár rafrænt (starfi@tr.is) eða í pósti til Starfsmannabjónustu Tryggingastofnunar, Laugavegi 114, 150 Rvk. Umsóknarfrestur er til 28. október. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Hjá Upplýsingatækni TR starfa um 15 manns. Megin áhersluatriði í stefnu deildarinnar er að byggja upp heildstæð og samþætt upplýsingakerfi sem styðja vel við margþætta starfsemi Tryggingastofnunar. Hagræðing og aukin þjónusta við viðskiptavinina er ávallt að leiðarljósi. Hugbúnaðarkerfi TR eru með þeim stærri og viðameiri á landinu.



SÖLUMAÐUR / RAFVIRKI

» Starfssvið:

» Almenn sölustörf

» Tilboðsgerð

» Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinina.

» Hæfniskröfur:

» Iðnmenntun á rafmagnssviði æskileg

» Reynsla í rafvirkjun eða úr sambærilegu starfi

» Hæfni í mannlegum samskiptum.

» Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem fellur að góðri liðsheild fyrirtækisins.

Umsóknir óskast sendar til Ískrafts, Smiðjuvegur 5, 200 Kópavogur, fyrir 14. október 2007. Upplýsingar veitir Jón Sverrir Sverrisson, netfang: jon@iskraft.is. Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál.

Ískraft er rafiðnaðarheildsala og leiðandi á því sviði á íslenskum markaði. Fyrirtækið hefur starfað síðan 1975. Ískraft rekur alls þrjár starfsstöðvar, í Kópavogi, á Akureyri og Egilsstöðum. Starfsmenn eru samtals 32.

STENDUR

starfsferillinn í stað?

Meðal þeirra sem við leitum nú að eru:

■ Stjórnendur

■ Viðskiptastjórar

■ Löggiltir endurskoðendur

■ Viðskiptafræðingar

■ Bókarar

■ Launafulltrúar

■ Tækniteiknarar

■ Tölvunarfræðingar

■ Kerfisfræðingar

■ Tæknimenn

■ Verkfræðingar

■ Hugbúnaðarsérfræðingar

■ Iðnmenntað fólk

■ Sölumenn

■ Aðstoðarfólk í mötuneytum

■ Húshjálp

■ Viðskiptafræðingar út á land

■ Reyndir þýðendur

■ Fólk á upplýsingatæknisvið

■ Sérfræðingar á fjármálasvið

■ Sérfræðingar í IP lausnum

Tækifærin á vinnumarkaðnum hafa sjaldan eða aldrei verið betri en einmitt núna.

Fjöldi áhugaverðra starfa er í boði en einungis lítill hluti þeirra auglýstur svo við hvetjum þig til að leggja inn umsókn og ræða við ráðgjafa okkar um næstu skref.

Allar nánari upplýsingar á heimasíðu Hagvangs www.hagvangur.is eða í síma 520 4700. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Við hlökkum til að heyra í þér!

HAGVANGUR

Hagvangur er fyrsta ráðningarþjónustan sem tók til starfa á Íslandi. Starfsfólk Hagvangs leggur sig fram við að samþætta hag einstaklinga og velgengni fyrirtækja og það er því engin tilviljun að Hagvangur er nú eitt öflugasta ráðgjafar- og ráðningarfyrirtæki á íslenskum vinnumarkaði.

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



Fasteignir ríkissjóðs fara með umsýslu 220 fasteigna í eigu ríkisins um land allt. Í því felst útleiga húsnæðis, rekstur þess, viðhald og endurbætur. Gert er ráð fyrir að umfang starfseminnar aukist verulega á næstu þremur árum. Brunabótamat eignasafnsins er um 45 milljarðar og heildarstærð þess um 355 þús. m². Ársvelta er rúmir 2 milljarðar. Aðsetur er að Borgartúni 7 í Reykjavík en framkvæmdir eru einnig víða um land.

VERKEFNASTJÓRI

Fasteignir ríkissjóðs óska eftir að ráða verkefnastjóra viðhaldsframkvæmda.

Starfssvið

- Meta ástand fasteigna með tilliti til viðhalds og nauðsynlegra endurbóta
- Gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana
- Vinna að undirbúningi og skipulagningu framkvæmda
- Eftirlit og stjórnun framkvæmda

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingarverkfræði, byggingartæknifræði, byggingarfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi. Lønmenntun er kostur
- Reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda og framkvæmdaeftirliti
- Frumkvæði, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Fasteignir ríkissjóðs fara með umsýslu 220 fasteigna í eigu ríkisins um land allt. Í því felst útleiga húsnæðis, rekstur þess, viðhald og endurbætur. Gert er ráð fyrir að umfang starfseminnar aukist verulega á næstu þremur árum. Brunabótamat eignasafnsins er um 45 milljarðar og heildarstærð þess um 355 þús. m². Ársvelta er rúmir 2 milljarðar. Aðsetur er að Borgartúni 7 í Reykjavík en framkvæmdir eru einnig víða um land.

FORSTÖÐUMAÐUR FRAMKVÆMDA

Fasteignir ríkissjóðs óska eftir að ráða starfsmann til að fara með yfirstjórn verklegra framkvæmda. Viðkomandi er staðgengill framkvæmdastjóra Fasteigna ríkissjóðs

Starfssvið

- Yfirumsjón með verklegum framkvæmdum
- Umsjón með áætlanagerð
- Kostnaðareftirlit
- Starfsmannamál

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingarverkfræði, byggingartæknifræði, byggingarfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla
- Reynsla af verklegum framkvæmdum og framkvæmdaeftirliti
- Leiðtogaþæfileikar
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



**GAGNAVEITA
REYKJAVÍKUR**



Tæknifulltrúi óskast

Leitað er að metnaðarfullum og árangursdrifnum einstaklingum til liðs við okkur í tæknideild Gagnaveitu Reykjavíkur. Tæknideild sér um tæknilega uppbyggingu, rekstur og viðhald á gagnaflutningskerfi GR.

Starfssvið

- Móttaka og úrvinnsla á þjónustubeiðnum
- Tækni- og rekstrarleg samskipti við þjónustuveitur
- Tæknisamskipti við notendur
- Hönnun og þróun þjónustuferla og prófanir
- Eftirlit með gagnaflutningskerfi GR

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð tölvuþekking
- Mikill áhugi á tækni og nýjungum
- Skipulagshæfileikar og rík þjónustulund
- Fagleg, markviss og öguð vinnubrögð

Gagnaveita Reykjavíkur, dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur, vinnur að uppbyggingu, þjónustu og rekstri á gagnaflutningskerfi byggt á ljósleiðaratækni. Um ljósleiðaranetið rekur Gagnaveitan öflugt dreifi- og samskiptakerfi fyrir sjónvarp, síma og Internet, byggt á IP/MPLS tækni.

capacent
RÁÐNINGAR

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



VERSLUNARSTJÓRI

Verslunarstjóri Sony Center Kringlunni.

Starfssvið

- Dagleg verslunarstjórn, uppgjör og umsjón starfsmannamála
- Almenn afgreiðsla og söluráðgjöf
- Stefnumótun verslunar í samvinnu við eigendur

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góð reynsla af sölustörfum skilyrði, reynsla af stjórnun æskileg
- Þekking og áhugi á vörum Sony
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri í starfi

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is



Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



AXAPTA RÁÐGJÖF OG ÞJÓNUSTA

RARIK leitar að starfsmanni í upplýsingatæknideild fyrirtækisins í nýju og glæsilegu húsnæði að Bíldshöfða 9.

Starfssvið

Verkefnin tengjast aðallega Microsoft Dynamix Axapta, ráðgjöf, notendapjónustu, forritun og úrlausn tæknilegra verkefna.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði kerfis- eða tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæð vinnubrögð
- Skipulagshæfileikar ásamt því að geta fylgt verkefnum eftir
- Reynsla af hópvinnu og verkefnastjórnun kostur
- Þekking og reynsla af Axapta eða sambærilegu kerfi er kostur en ekki nauðsynleg. Boðið verður upp á þjálfun og námskeið
- Einnig er þekking og reynsla af SQL-gagnagrunnum kostur

RARIK aflar og dreifir orku á landsvisu. Upplýsinga-tæknideild fyrirtækisins rekur m.a. umsvifamikið tölvukerfi fyrir allar deildir fyrirtækisins og leitast ávallt við að hafa sem bestu tækniþekkingu og búnað hjá fyrirtækinu.

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is



Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



RÉTTU TÆKIFÆRIN!

Hagar leita að metnaðarfullum einstaklingum til starfa.

Viðskiptafræðingur á fjármálasviði**Starfssvið**

- Úrvinnsla fjárhags- og tölfraðilegra upplýsinga
- Sjóðsstjórnun
- Gjaldmiðlaviðskipti
- Eftirlit með lánamálum
- Áætlanagerð
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur og eiginleikar

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- A.m.k. 3 ára starfsreynsla
- Þekking á Navision Financials, Cognos og bókhaldi er kostur
- Nákvæmni og ögun í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri í starfi

Aðeins mjög talnaglökkur einstaklingur kemur til greina

Sérfræðingur í Innra eftirlit**Starfssvið**

- Eftirlit með uppgjörum
- Skipulag og ut anumhald talninga
- Eftirlit með gæðamálum
- Rýrnunarverkefni
- Sérstakar úttektir
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur og eiginleikar

- Viðskiptafræðimenntun af endurskoðunarsviði
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla
- Þekking á Navision Financials og Cognos er kostur
- Nákvæmni og ögun í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður Dröfn Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is



Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



VERSLUNARSTJÓRI

Sony er eitt sterkasta vörumerki í heimi. Hjá Sony Center er kappkostað að sýna fjölbreytt vöruúrval ásamt nýjungum sem Sony hefur fram að færa. Sony Center selur m.a. stafrænar myndavélar og myndbandsupptökuvélar, sjónvörp, auk hljómtækja og heimabíókerfa svo eitthvað sé nefnt.

Verslunarstjóri Sony Center Kringlunni.

Starfssvið

- Dagleg verslunarstjórn, uppgjör og umsjón starfsmannamála
- Almenn afgreiðsla og söluráðgjöf
- Stefnumótun verslunar í samvinnu við eigendur

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góð reynsla af sölustörfum skilyrði, reynsla af stjórnun æskileg
- Þekking og áhugi á vörum Sony
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri í starfi

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Landsvirkjun

Landsvirkjun er í hópi stærstu fyrirtækja landsins með heildareignir sem nema um 230 milljörðum króna og ársvelta er um 17 milljarðar. Fyrirtækið er starfrækt á grundvelli vottaðs gæðakerfis skv. ISO 9001 og stefnir að því að fá vottað umhverfisstjórnunarkerfi skv. ISO 14001 á næsta ári.

Áhersla er lögð á stjórnun mannafla og þekkingar, fjölskylduvænt starfsumhverfi, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

STÖÐVARVÖRÐUR ÞJÓRSÁRSVÆÐI

Landsvirkjun óskar að ráða stöðvarvörð á Þjórsársvæði. Um er að ræða tímabundna afleysingu í 8 mánuði.

Þjórsársvæði heyrir undir rekstrardeild á orkusviði Landsvirkjunar.

Aflstöðvar Landsvirkjunar við Búrfell, Sultartanga, Hrauneyjafoss, Sigöldu og Vatnsfell ásamt veitumannvirkjum tilheyra Þjórsársvæði.

Starfssvið

- Vinna við eftirlit og viðhald aflstöðva og veitumannvirkja á svæðinu
- Vinna við eftirlit og viðhald spennistöðva á svæðinu
- Ýmis verkefnabundin vinna á fagsviði

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafmagns- og/eða vélfræðimenntun
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Viðskiptaráðuneytið fer með mál er varða verslun og kauparétt, fjármálamarkað, samkeppni, neytendarétt, alþjóðleg viðskipti og fjárfestingarsamninga og félagarétt. Á síðastliðnu vori var rekstur iðnaðar-ráðuneytis og viðskipta-ráðuneytis skilin að. Nýtt skipurit viðskiptaráðuneytisins er verkefnabundið og tekur mið af mikilvægi allra starfsmanna við að koma stefnumálum ráðherra í framkvæmd og áherslum ráðuneytisins á teymisvinnu.

HAGFRÆÐINGUR

Í viðskiptaráðuneytinu er laust til umsóknar starf hagfræðings.

Starfssvið

- Hagræn greining í tengslum við stefnumótun
- Greining á samkeppnishæfni íslensks viðskiptaumhverfis
- Þátttaka í samningu lagafrumvarpa og reglugerða
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í hagfræði skilyrði, framhaldsnám æskilegt
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu og verkefnasviði ráðuneytisins æskileg

Um er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi FHSS og fjármálaráðherra.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdis Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Kíktu á Vinna.is



vinna.is
ATVINNUMIÐLUN
sími: 511 1144



Óska eftir rafvirkjum

Langar þig að vinna skemmtilega tæknivinnu?
Við leitum að rafvirkjum í vinnu við uppsetningar og forritun á ýmsum öryggisbúnaði og í almenna raflagnavinnu.
Bíll + sími + snyrtileg innivinna á höfuðborgarsvæðinu.

Vinsamlega sendið inn umsóknir á **godirmenn@godirmenn.is**.
Upplýsingar í síma 820 5900.

PIPAR • SÍA • 72003

Matreiðslumaður óskast á Hótel Sögu

Okkur á Hótel Sögu vantar
matreiðslumann í liðsheild okkar.

Nánari upplýsingar gefur Karl í síma 820 9919
virka daga milli kl. 10 og 14, eða í tölvupósti
karl.davidsson@radissonsas.com

Radisson SAS Hótel Saga er 4 stjörnu hótél, búið öllum helstu þægindum, í einungis nokkurra mínútna gönguþfarlegð frá hjarta Reykjavíkur. Það er nútímalegt hótél byggt á sigildum hefðum þar sem gæði, þjónusta og yfirburðir á öllum sviðum eru í fyrirrúmi. Radisson SAS Hótel Saga er hluti af Rezidor SAS sem rekur hátt í 300 hótél í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku. Hjá Hótel Sögu starfa um 100 starfsmenn.



SAGA HOTEL, REYKJAVÍK

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður í leik- og grunnskólum

Grunnskólar

Hraunvallaskóli (664 5872 einar@hraunvallaskoli.is)
Skólaliða
Leikskólakennara/annað uppeldismenntað starfsfólk
(sigrunk@hraunvallaskoli.is)

Hvaleyrarskóli (helgi@hvaleyrarskoli.is)
Starfsmaður í frístundaheimili (50% e.hádeggi)

Lækjarskóli (664 5877 haraldur@laekjarskoli.is)
Skólaliðar

Setbergsskóli (664 5880 gudosk@setbergsskoli.is)
Kennara í sérdeild f. einhverf börn
Skólaliða í íþróttahús
Skólaliða í almenn störf

Víðistaðaskóli (664 5891 annakr@vidistadaskoli.is)
Stuðningsfulltrúa
Skólaliða

Öldutúnsskóli (555 1546 herla@oldutunsskoli.is)
Almenn kennsla
Kennsla í sérdeild f. unglinga
Smiðakennsla - val í 10. bekk - stundak.
Skólaliði, 50% e.hádeggi í heilsdagsskóla

Leikskólar

Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Álfaberg (555 3021 alfaberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Starfsmaður í eldhús til að sjá um morgunverð, nónhressingu og aðstoða við heimilisfræðikennslu
(Álfaberg er leikskóli fyrir 5 ára börn)

Álfasteinn (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hlíðarberg (565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Síðdegisstöður

Hlíðarendi (555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hraunvallaskóli (664 5835 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Leikskólakennara/starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Kató (555 0198 kato@hafnarfjordur.is)
Starfsmaður í afleysingar

Norðurberg (555 3484/664 5851 nordurberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Stekkjjarás (517 5920/664 5862 stekkjjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara, þroskabjálfa og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Aðstoð í eldhús fyrir hádeggi
Skilastöður

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Deildarstjóra
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Víðivellir (555 2004 vidivellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara
Þroskabjálfa og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Allar upplýsingar um störfín gefa skólastjórar viðkomandi skóla.
Sjá einnig nánar á heimasíðum skólanna.
Karlaf jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfín.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði



HAFNARFJÖRDUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!
Hafðu samband og fæðu frekari
upplýsingar um Hafnarfjörð og
margvíslega starfsemi á vegum
veitarfélagsins hjá þjónustuveri
þegarinn í síma 585 5500 og á
heimasíðunni www.hafnarfjordur.is



FYRIRTÆKJASVIÐ GLITNIS

Glitnir leitar að kraftmiklum, sjálfstæðum og metnaðarfullum einstaklingum í störf á Fyrirtækjasviði Glitnis

Fyrirtækjasvið Glitnis býður fyrirtækjum upp á alhliða þjónustu á sviði fjármögnunar. Starfsmenn sviðsins leitast við að greina þarfir viðskiptavina og aðlaga vörur og þjónustu fjármálamarkaðarins að þeim.

LÁNASTJÓRI

Helstu verkefni

- Þjónusta við fyrirtæki sem eru í viðskiptum við Glitni
- Byggja upp góð tengsl við núverandi og verðandi viðskiptavini
- Mat og greining á láns hæfi fyrirtækja
- Úrvinnsla lánsúmsóknna
- Umsjón og eftirlit með lánasafni Fyrirtækjasviðs

Hæfniskröfur

- Menntun á sviði viðskipta-, hag- eða rekstrarfræða
- Reynsla af fjármálamarkaði æskileg
- Gott læsi á ársskýrslum og fjárhagsupplýsingum fyrirtækja
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að tjá sig munnlega og skriflega
- Góð enskukunnátta

Lánastjóri starfar í nánú samstarfi við viðskiptastjóra og aðra starfsmenn Fyrirtækjasviðs.

GREININGARAÐILI (e. analyst)

Helstu verkefni

- Aðstoð við viðskipta- og lánastjóra við vinnslu á lánamálum
- Greining nýrra viðskiptatækifæra
- Þátttaka í vörubróun
- Önnur verkefni


Hæfniskröfur

- Menntun á sviði viðskipta-, hag- eða rekstrarfræða
- Reynsla af fjármálamarkaði kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni
- Góð enskukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Magnús Arnar Arngrímsson, framkvæmdastjóri, á Fyrirtækjasviði síma 440 4003, magnus.arngrimsson@glitnir.is.

Umsóknir óskast fylltar út á www.glitnir.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 21. október nk. Mannauðstengiliður á Fyrirtækjasviði er Elísabet Helgadóttir í síma 440 4865, elisabet.helgadottir@glitnir.is.





Á TellMeTwin skráirðu og varðveitir persónuleika þinn. Þú tekur persónuleikapróf eða gefur kvikmyndum, tónlist, bókum ofl. einkunnir. Þú finnur fólk sem hugsar eins og þú (tvífar þína) og notar þeirra prófil sem val-síu í daglegu lífi (hvaða bíómynd á að sjá næst osfrv.)

TellMeTwin er alþjóðlegt samfélag þar sem áhersla er lögð á þátttöku notenda í þróun og uppbyggingu samfélagsins.

Mótaðu með okkur framtíðina á Internetinu! Sendu okkur línu með upplýsingum um þig á jobs@tellmetwin.com fyrir 22. október 2007.



Ertu vefsnillingur?

Netsamfélagið TellMeTwin leitar að öflugum frumkvöðlum, konum og körlum.

Senior Web Developer

Verksvið

- Yfirumsjón með allri viðmótshönnun og þróun, "front-end"
- Forritun og stjórnun forritara
- Lykilmaður í stefnumótun

Hæfniskröfur:

- 5 ára reynsla í vefforritun (t.d. Asp.Net, C#, html, css, javascript, php, flash). Háskólamenntun í tölvunarfræði er kostur
- Gott auga fyrir flæði á vefsíðum ("User Interface")
- Gott gráfískt auga

Web Developers

Hvetjum einnig aðra áhugasama vefforritara að hafa samband. Við erum í örur vexti og munum fylla fleiri stöður á næstunni.

Web Marketing Manager

Verksvið

- Yfirumsjón með allri markaðssetningu
- Lykilmaður í stefnumótun

Við leitum að öflugum aðila með mikla reynslu af

- "Viral Web Marketing" sem gengur m.a. út á
- Leitarvélabestun, "Call to action" á vefsíðu
- "Affiliate- og partnership", tenglaskipti
- "Tell a friend", skapa umræðu í blogg hópum, "forums", "directories", "mail lists" og "newsgroups"
- Nýta vefklúbba, vildarkerfi, "repeat traffic generators", RSS, podcast og "mobile marketing".

Vantar tvo í hóp þeirra bestu

Rekstrarfélag SPRON rekur í dag nokkra mismunandi sjóði og er vegna mikillar eftirspurnar að bæta við fleiri sjóðum. Þess vegna leitar félagið nú logandi ljósi að **tveimur nýjum sjóðstjórum** með metnað til að skila frábærum árangri.

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði fjármála
- Brennandi áhugi á fjármálamörkuðum
- Frumkvæði og drifkraftur
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Starfssvið

- Stýring verðbréfasjóða
- Greining fjárfestingakosta
- Samskipti við viðskiptavinum og aðra aðila á fjármálamarkaði
- Skýrslugerð og gerð kynningarefnis
- Reynsla af starfsemi tengdri fjármálamörkuðum er æskileg

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Rekstrarfélagsins, Brynjar Kristjánsson.

Umsóknir skal senda til starfsmannþjónustu SPRON, Ármúla 13A, 108 Reykjavík, merkt „Sjóðstjóri – umsókn“ eða á starfsmannathjonusta@spron.is fyrir miðvikudaginn 24. október næstkomandi.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Árangur Spron verðbréfa hefur til þessa verið framúrskarandi og mikill vöxtur í allri starfsemi. Sem dæmi má nefna að félagið er með þann íslenska peningamarkaðssjóð sem hefur gefið langhæstu ávöxtun allt frá stofnun.

Rekstrarfélag SPRON er dótturfélag SPRON Verðbréfa og er sérhæft fyrirtæki á sviði eigna- og sjóðastýringar.



Hinn og haf / SIA - 9071200

75 ára



VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25



Láttu okkur mæla með **pér!**

HAGVANGUR
- við ráðum

SKÓGARHLÍÐ 12 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 520 4700 • WWW.HAGVANGUR.IS

hug|smiðjan

Hugbúnaðarsérfræðingur

Við leitum að sérfræðingi í fjölbreytt og spennandi starf við veflæga hugbúnaðargerð. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og vera lipur í samskiptum.

Starfssvið er hönnun lausna og forritun, t.d. þróun Eplica kerfisins og annarra kerfa Hugsmiðjunnar.

Viðkomandi þarf að hafa reynslu og brennandi áhuga á:

- Java/J2EE
- Vefforritun
- Vefþjónustum
- Hibernate, Axis2, ásamt hellingi af skammstöfunum

Umsóknir sendist ásamt starfsferilsskrá á atvinna@hugsmidjan.is fyrir 22. október næstkomandi.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Fullum trúnaði heitið.

Kerfisfræði, tölvunarfræði eða sambærileg menntun er æskileg.

Hugsmiðjan er eitt fremsta hugbúnaðarhús landsins á sviði veflausna. Meðal viðskiptavina eru mörg af stærri fyrirtækjum landsins, Stjórnarráð Íslands, stofnanir og félagasamtök.

Hugsmiðjan leggur áherslu á gott starfsumhverfi og velliðan starfsmanna á vinnustað. Mikil áhersla er á sveigjanlegan og fjölskylduvænan vinnutíma, þannig að starfsmenn geti almennt lokið störfum sínum á dagvinnutíma.



Forstöðumaður frístundaheimilis óskast

Leikskólakennari eða starfsmaður með sambærilega menntun óskast til þess að veita frístundaheimili Landakotsskóla forstöðu.

Umsóknarfrestur er til 20. okt. nk.
Frekari upplýsingar eru veittar á
skrifstofu skólans að Túngötu 15
eða í síma 510 8200.



Landakotsskóli er sjálfstætt starfandi grunnskóli með 5 ára og 1.-10. bekk.

www.landakot.is



**Fosshótel ehf. auglýsa eftir
almennum skrifstofustarfsmanni**
sem starfa mun á aðalskrifstofu Fosshótela og
Inns of Iceland

Starfssvið:

- Símsvörun og móttaka
- Umjón með rekstrarvörulager og sendingum
- Aðstoð við lánadrottnabókhalð
- Fjölritun handbóka ofl.
- Vinnutími er frá 9-17

Hæfniskröfur:

- Gott vald á íslensku og ensku. Öll frekari tungumálakunnátta er kostur
- Framúrskarandi skipulags- og samskiptafærni
- Rík þjónustulund, sveigjanleiki og geta til að starfa undir álagi
- Menntun og / eða reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af notkun Navision / Cenium kerfa er kostur

Fosshótel bjóða upp á fjölbreytt úrval af gistingu um allt land, ýmist sem sumarhótel eða þrígga stjörnu heilsárshótel. Einkunnarorð Fosshótla eru: „Vínalegt um allt land“. Til að standa undir þeim er nauðsynlegt að hafa vingaarnalegt, þjónustulundað og fjölhæft starfsfólk í hverju starfi. Árangursrík og ánægjuleg samskipti er leiðandi stefna í öllum rekstri fyrirtækisins. Þjónustukannanir sýna að gestir Fosshótla eru almennt mjög ánægðir dvöl sína, en 96-98% gefa dvölinni góða eða ágætis einkunn.

Inns of Iceland er keðja gistiheimilia sem sinnir þörfum þeirra sem sækjast eftir hagkvæmri og heimilislegri gistingu. Í dag eru gistiheimili Inns of Iceland tvö talsins, bæði staðsett í Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til 19. október 2007.

Nánari upplýsingar veitir Þórður B. Sigurðsson, aðstoðar-
framkvæmdastjóri, í síma 562 4000 (-5) eða í gegnum
tölvupóstfangið thordur@fosshotel.is



Marel ehf er dótturfélag Marel Food Systems hf sem er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá Marel Food Systems starfa yfir 2100 starfsmenn í 5 heimsálfum, þar af um 370 manns hjá Marel ehf á Íslandi.

Rafeindataæknimaður

Rafeindatæknimann vantar í rafeindabrettaframleiðslu í vogaliði. Starfið felur í sér umsjón með SMT ferlum fyrirtækisins svo sem sjálfvirkum áröðunarvélum og öðrum búnaði. Viðkomandi mun taka þátt í uppbyggingu prófunaraðferða og -búnaðar sem og þróun verkferla í rafeindabrettaframleiðslu.

Þú hefur:

- menntun í tækniþræði og/eða rafeindavirkjun
- reynslu af prófun rafeindabúnaðar
- þekkingu á uppbyggingu prófunarbúnaðar
- þekkingu á forritun, kostur að þekkja uppbyggingu prófunarforrita
- frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og drifkraft

Við bjóðum:

- góða vinnuáðstöðu í alþjóðlegu hátæknifyrirtæki
- sveigjanlegan vinnutíma og tækifæri til hafa áhrif
- aðgang að íþróttaaðstöðu og gott félagslíf
- styrki til símenntunar og íþróttaiðkunar

Nánari upplýsingar um starf tæknimanns veitir Pétur Arason, petur.arason@marel.is í síma 563 8000. Fylla skal út umsóknir á heimasíðu Marel ehf, www.marel.com fyrir 18. október nk. Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið gagnvart umsækjendum.



RETURN ON INNOVATION
www.marelfoodsystems.com



Gjaldkeri óskast

» Iceland Express leitar að harðduglegum og samviskusömum einstaklingi í starf gjaldkera hjá fyrirtækinu. Í boði er líflegt og krefjandi starf hjá einu af framsæknustu fyrirtækjum landsins. Vöxtur félagsins hefur verið mikill síðustu misseri og því leitum við að öflugum starfskrafti sem kann til verka þegar kemur að innheimtu-störfum, hérlandis jafnt sem erlendis. Við erum á höttunum eftir duglegum og úrræðagóðum einstaklingi með kurteislegt en þó ákveðið viðmót þegar það á við og ekki sist lipurð í samskiptum. Viðkomandi þarf að sýna áhuga og frumkvæði í starfi og geta unnið vel undir álagi.

Starfslýsing

- Almenn gjaldkerastörf
- Umsjón og eftirfylgni með innheimtu á útistandandi kröfum fyrirtækisins
- Samskipti við innlenda og erlenda skuldunauta
- Almenn bókhaldsverkefni

Hæfniskröfur

- Haldgóð menntun sem nýtist vel í starfi
- Miklir skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Ekki er verra að viðkomandi hafi góða reynslu úr sambærilegu starfi og búi jafnframt yfir góðri enskukunnáttu. Umsóknir, merktar „Gjaldkeri“, sendist á netfangið job@icelandexpress.is

Um 100% starf er að ræða og skilafrestur umsókna rennur út 21. október.

Iceland Express er fyrsta íslenska lágfargjaldaflugfélagið. Þegar félagið var stofnað fyrir fjórum árum, gjörbreytti það landslagi í flugsamgöngum Íslendinga og starfa nú yfir 130 manns hjá félaginu. Við erum stolt af sigrum og vexti Iceland Express og er starfsfólkið lykillinn að uppbyggingu félagsins. Tækifærin blasa við og framundan eru afar spennandi tímar í starfseminni. Upplifðu spennandi starfsumhverfi, skemmtilegan vinnuanda og taktu þátt í að móta og skapa framsækna viðskiptastefnu hjá félagi sem er einstakt á Íslandi.



Byggingarvinna

Vegna aukinna umsvifa óskar Ris ehf eftir:

Tæknimönnum
Verkefnastjórum
Verkstjórum
Smiðum
Byggingarverkamönnum

Við leitum að hæfileikaríkum, duglegum og samviskusömum einstaklingum sem hafa áhuga á að taka þátt í spennandi verkefnum. Eingöngu vanir menn koma til greina.

Í boði er:

- Mikil vinna hjá traustu og vaxandi fyrirtæki.
- Góð starfsaðstaða.
- Góð laun í boði fyrir rétta aðila.

Nánari upplýsingar veitir
Jóhann í síma 693 3344.



Ris ehf er traust fyrirtæki sem var stofnað 1966 en hefur starfað sem alhliða byggingafyrirtæki frá 1993 og vaxið ár frá ári. Meðal verkefna sem Ris ehf hefur komið að má nefna byggingu tónlistarhússins í Kópavogi, fimleikahús og tengibyggingu við íþróttahúsið á Seltjarnarnesi, glæsileg íþróttamiðstöð Hauka á Ásvöllum og skólabyggingar fyrir Reykjavíkurborg og Garðabæ. Hjá fyrirtækinu starfa u.þ.b. 100 manns.

Tannlæknastofa

Óskum eftir aðstoðarstúlku í fullt starf á tannlæknastofu á höfuðborgasvæðinu(112 R.) Fjölbreytt starf sem felur m.a. í sér móttöku, símaavörslu og þríf á tannlæknastól og tækjum. Viðkomandi þarf að hafa ánægju af mannlegum samskiptum, reglusamur og stundvís. Nánari upplýsingar í síma 8646472

AÐFÖNG Næturvörður óskast í vöruhús Aðfanga

Við leitum að jákvæðum og duglegum starfsmanni sem þarf að geta hafið störf fljótlega. Starfið felst í þrífum og gæslu í vöruhúsi. Unnið er aðra hverja viku frá kl.18:00 – 06:00.

Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík. Trausti Stefánsson veitir nánari upplýsingar í s. 693-5602.

Starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir matvöruverslanir Haga.



Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd

Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn.

Sjúkraliðar óskast á kvöldvaktir
frá og með 1. nóvember næstkomandi.

Um er að ræða fjölbreytt starf sem krefst hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum ásamt frumkvæði og lipurð í mannlegum samskiptum. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af öldrunarhjúkrun.

Starfshlutfall er samkomulagsatriði.

Upplýsingar gefur hjúkrunarforstjóri
Jónbjörg Sigurjónsdóttir í síma 510-2101,
gsm: 898-5207, jonbjorg@skogar.is



Starf Matráðar í Víðihlíð

Laust er til umsóknar starf matráðs í Víðihlíð. Hjúkrunardeildin Víðihlíð er 25 rúma deild innan sjúkrahússviðs Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og er staðsett í Grindavík.

Starfið felur meðal annars í sér að matreiða, útbúa matseðla, innkaup og hafa umsjón með starfsfólki eldhúss. Unnið er í vaktavinnu 2-2-3. Vinnutími er frá 07:00 - 16:00, Starfshlutfall er 80%.

Verið er að leita að einstaklingi sem er góður í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri þjónustulund. Æskilegt er að viðkomandi hafi matreiðslumenntun og/eða hafi góða reynslu í matreiðslustörfum.

Um er ræða framtíðarstarf og æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarsamningi STFS og HSS. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er reyklus vinnustaður. Umsóknarfrestur er til og með 28. október. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Þórðardóttir deildarstjóri í gegnum netfangið ingibjorgthordar@hss.is eða í síma 426-7600. Umsóknir sem greina frá menntun, fyrri störfum og meðmælendum, skulu sendar til Bjarnfríðar Bjarnadóttir starfsmannastjóra HSS, Mánagötu 9, 230 Reykjaneshæ eða með tölvupósti á netfangið bjarnfridur@hss.is

LEITAR ÞÚ NÝRRRA TÆKIFÆRA?

Bókhaldsstarf 70-100%

Fjárfestingafélagið Skandinvest ehf. óskar eftir að ráða bókara. Verið er að leita að einstaklingi sem hefur áhuga á að starfa í líflegu og skemmtilegu umhverfi ásamt því að takast á við ábyrgðarfullt og krefjandi starf. Nauðsynlegt er að viðkomandi aðili hafi getu til að sýna frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð. Helstu verkefni eru merkingar og færsla bókhalds fyrir Skandinvest og dótturfélög, ásamt öðrum verkefnum í samvinnu við aðalbókara . Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi góða bókhaldsþekkingu og reynslu. Þekking á Navision bókhaldskerfi er mikill kostur. Starf nr. 071012-01

Sérfræðingur

Capacent Ráðgjöf óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa. Helstu verkefni eru hönnun og smíði gagnavöruhúsa sem og greiningagna og lausnasmíði. Mikill metnaður, frumkvæði og kraftur eru nauðsynlegir eiginleikar í starfinu. Háskólamenntun í verkfræði, eðlisfræði, stærðfræði, tölvunarfræði eða sambærileg menntun er áskilin. Reynsla af forritun, gagnagrunnum, gagnavöruhúsum og greiningarvinnu er skilyrði. Starf nr. 070403-02

Sölumaður hjá fjármálafyrirtæki

Traust fjármálafyrirtæki óskar eftir að ráða sölumann til að afla nýrra viðskiptasambanda. Verkefni sölumanns felast í því að heimsækja fyrirtæki, vera í samskiptum við stjórnendur og kynna þjónustu og vörur fyrirtækisins. Verið er að leita að mjög árangursdrifnum sölumanni með reynslu af sölu og samskiptum á fyrirtækjamarkaði, sem hefur mjög sannfærandi og ákveðna framkomu og metnað í starfi. Góð þekking af fjármálamarkaði ásamt menntun sem nýtist í starfi nauðsynleg. Starf nr. 071010-05

Þjónustufulltrúi

Traust fyrirtæki óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa í framtíðarstarf. Starf þjónustufulltrúa felst í ráðningum starfsmanna og þjálfun þeirra, gerð verklýsinga og umsjón með verkgæðum, sölu og samskiptum við viðskiptavinina sem og heimsóknum til viðskiptavina. Gerð er krafa um reynslu af stjórnun og góða tölvukunnáttu. Viðkomandi þarf að búa yfir frumkvæði, þjónustuvilja og samskiptahæfni, sem og mikilli skipulagshæfni í vinnubrögðum. Vinnutími þjónustufulltrúa er frjáls og verkefnatengdur, viðkomandi hefur bíl og síma til umráða. Viðkomandi verður að geta hafið störf strax. Starf nr. 070820-03

Söluráðgjafi í húsgagnadeild

Penninn óskar eftir að ráða söluráðgjafa til starfa í húsgagnadeild. Starfið felst í sölu og afgreiðslu í verslun, móttöku viðskiptavina í sýningarsal og samskiptum við erlenda birgja. Gerð er krafa um reynslu af sölu og samningagerð, mikla þjónustulund og sveigjanleika. Krafist er góðrar almennrar tölvukunnáttu, áhugi á hönnun og húsgögnum er mikill kostur. Penninn flytur inn húsgögn frá leiðandi fyrirtækjum í Evrópu og Bandaríkjunum. Húsgagnadeildin hefur áratugareynslu í sölu skrifstofu- og stofnanahúsgagna til fyrirtækja og einstaklinga. Starf nr. 071012-06

Þjónustufulltrúi í þjónustudeild

Samskip óska eftir að ráða þjónustufulltrúa í þjónustudeild. Helstu verkefni eru þjónusta, afgreiðsla, upplýsingagjöf auk tilboðsgerðar til viðskiptavina. Viðkomandi mun verða tengill við fasta viðskiptavinina, annast samningagerð auk annarra tilfallandi verkefna í þjónustudeild. Leitað er að einstaklingi með B.Sc. í viðskiptafræði eða sambærilegt nám, eða stúdentspróf og hagnýta reynslu af þjónustu- og skrifstofustörfum. Mjög góð ensku- og íslenskukunnátt, bæði töluð og rituð. Lögð er áhersla á samskiptahæfni, sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði. Viðkomandi verður að geta hafið störf sem allra fyrst. Starf nr. 071012-02

Innheimtustjóri

Traust og öflugt fyrirtæki óskar eftir að ráða innheimtustjóra. Starfssvið viðkomandi er ábyrgð á skipulagi og verklegri framkvæmd innheimtu sem og ábyrgð á eftirliti með innheimtu og skuldasöfnun viðskiptavina. Viðkomandi mun sjá um samskipti og samningagerð við viðskiptavinina og mat á láns hæfni. Reynsla af innheimtu er skilyrði, háskólamenntun er æskileg. Góð þekking á bókhaldi og fjármálum sem og góð tölvukunnátt er skilyrði. Viðkomandi þarf að viðhafa nákvæmni og vandvirkni í vinnubrögðum, sýna frumkvæði og sjálfstæði í starfi, búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum og hafa mikinn metnað og áhuga á því að ná framúrskarandi árangri. Starf nr. 070920-02

Sölustjóri

Leitað er að sölustjóra fyrir Íslandsmarkað. Starfið felur í sér samskipti við birgja fyrirtækisins erlendis auk smásöluaðila á Íslandi, framkvæmd stefnumörkunar fyrirtækisins á Íslandi, utanumhald um sölutölur og aðrar tölfræðilegar upplýsingar af Íslandsmarkaði. Viðkomandi verður að búa yfir góðum skilningi á markhópagreiningu, mikilli greiningarhæfni og öguðum vinnubrögðum, auk hugmyndaauðgi til þess að geta markaðssett vöru sem ekki er hægt að auglýsa með beinum hætti. Krafa er gerð um háskólamenntun sem nýtist í starfi, framúrskarandi samskiptahæfileika og góða ensku- og íslenskukunnáttu í töluðu og rituðu máli. Starf nr. 070905-02

Kerfisrekstur

Vegna mikillar eftirspurnar leitum við að drífandi einstaklingum með þekkingu eða reynslu af kerfisrekstri. Viðkomandi þarf að hafa staðfestar MCSE eða MCSA gráður. Reynsla af sambærilegu starfi er mjög æskileg. Viðkomandi aðili þarf að búa yfir frumkvæði og metnaði í starfi, skipulagni í vinnubrögðum, framúrskarandi þjónustulund og góðum samskiptahæfileikum. Háskólamenntun sem nýtist í starfi eða viðeigandi iðnenntun er kostur. Starf nr. 071012-13

Forritari

Öflugt þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða forritara. Leitað er að einstaklingi með B.Sc. í tölvunarfræði eða sambærilega menntun. Þekking á .NET, C# forritunarmáli og SQL er æskileg. Leitað er að öflugum einstaklingi með hæfni til að setja sig inn í flókin verkefni og getu til að vinna undir álagi. Spennandi verkefni í metnaðarfullu umhverfi. Starf nr. 071012-03

Tækniteiknari

Öflugt þekkingarfyrirtæki óskar eftir að ráða tækniteiknara til starfa. Starfið felst í teikningu á nýjum verkefnum og uppfærslu á eldri verkefnum ásamt skjalastýringu og prentun teikninga. Viðkomandi er í miklum samskiptum við starfsmenn og viðskiptavinina. Leitað er að einstaklingi með menntun á sviði tækniteiknunar, reynslu af AutoCad og Solid Works, góða íslensku- og enskukunnáttu, sem sýnir frumkvæði og sjálfstæði í starfi og hefur góða samskiptahæfileika. Starf nr. 071012-08

Móttaka eftir hádegi

Öflugt þekkingar- og fræðslufyrirtæki óskar eftir að ráða starfsmann í móttöku hálfan daginn, eftir hádegi. Starfið felst í móttöku og símsvörum, umsjón fundarherbergja og undirbúningi funda og námskeiða. Einnig þarf viðkomandi að sjá um vefskráningar, flugbókanir og önnur tilfallandi skrifstofustörf. Leitað er að einstaklingi sem hefur jákvætt viðmót og fallega framkomu. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi góða tölvufærni og reynslu af skrifstofustörfum eða þjónustu. Starf nr. 071012-07

Sérfræðingur í hagdeild

Fjármálafyrirtæki óskar eftir að ráða sérfræðing í hagdeild. Verkefni viðkomandi eru uppgjör, áætlanagerð, frávikagreiningar, arðsemisgreiningar, fylgni við alþjóðlega reikningsskilastaðla og önnur tilfallandi hagdeildarverkefni. Gerð er krafa um meistaraþróf í reikningsskilum, endurskoðun eða fjármálum. Reynsla af framangreindum verkefnum er skilyrði sem og mjög góð þekking á Excel töflureikni og bókhaldskerfi. Viðkomandi þarf að hafa góða enskukunnáttu auk þess að viðhafa öguð vinnubrögð og getu til þess að vinna sjálfstætt. Frumkvæði, metnaður og drift eru lykileiginleikar. Starf nr. 071012-05

Reynslumikill bókari

Fjármálafyrirtæki óskar eftir að ráða öflugan bókara til starfa. Viðkomandi aðili mun sjá um færslu bókhalds og þarf að geta skilað því fullunnu til endurskoðanda. Auk þess sér viðkomandi um reikningagerð, uppgjör og önnur verkefni. Mjög góð bókhaldsþekking er skilyrði og háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærileg menntun er æskileg. Góð þekking á Excel töflureikni er áskilin. Viðkomandi þarf að hafa góða enskukunnáttu auk þess að viðhafa öguð vinnubrögð og getu til þess að vinna sjálfstætt. Einnig er gerð krafa um góða samskiptaeiginleika. Starf nr. 070611-02

Starfsmaður í verkbókhald

Traust verktakafyrirtæki óskar eftir að ráða drífandi einstakling til starfa. Meginábyrgð starfsins liggur í umsjón með verkbókhaldi. Um er ræða gott framtíðarstarf. Starfshlutfall er 80% til 100%, með sveigjanlegan vinnutíma. Starfið felst í móttöku og afstemmingu vinnuseðla og efnisbeiðna, skráningu verkbókhalds, aðstoð við launaúrvinnslu og almennt bókhald. Einnig mun vera um önnur krefjandi verkefni að ræða. Leitað er að einstaklingi með góða reynslu af verkbókhaldi og kostur er að viðkomandi þekki almenna bókhaldsvinnu og launaúrvinnslu. Þekking á bókhaldskerfinu Stólpa er kostur. Góð ensku- og tölvukunnátt er skilyrði, sem og frumkvæði og metnaður í starfi. Starf nr. 071012-09

Sérfræðingur í bókhald og endurskoðun

Flutningafyrirtæki óskar eftir að ráða drífandi og dugmikinn einstakling í starf sérfræðings í bókhald og endurskoðun reikninga. Starfið felst í færslum og afstemmingum bókhalds, skráningu og endurskoðun reikninga sem og öðrum verkefnum er tilheyrja bókhaldsdeild. Góð reynsla af bókhaldsstarfi er skilyrði sem og góð tölvukunnátt og þekking á bókhaldskerfi. Viðkomandi þarf að hafa góða kunnáttu í ensku. Frumkvæði og metnaður í starfi sem og hæfni til þess að vinna sjálfstætt eru lykileiginleikar. Í boði er krefjandi starf í lífandi og skemmtilegu umhverfi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starf nr. 070613-04

Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störf in á www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR



Starfsmennta- verðlaunin 2007

Óskað eftir tilnefningum

Starfsmenntaverðlaunin eru veitt þeim aðilum sem eru að vinna framúrskarandi starf í starfsmenntun. Verðlaunin eru veitt í þremur flokkum:

- **Fyrirtæki og félagasamtök**
- **Skólar og fræðsluaðilar**
- **Opinn flokkur** (t.d. einstaklingar, einstök verkefni og frumkvöðlastarf)

Tilnefningar skal senda á sérstökum eyðublöðum sem eru á slóðinni www.starfsmenntarad.is

Frestur til að senda inn tilnefningar er til 2. nóvember nk.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Starfsmenntaráði, Hafnarhúsi
v/Tryggvagötu, 101 Reykjavík, sími 515 4800, www.starfsmenntarad.is



HÁSKÓLASETUR VESTFJARÐA
UNIVERSITY CENTRE OF THE WEST FJORDS

Fagstjóri/Master's Program Director

Háskólasetur Vestfjarða leitar að kraftmiklum einstaklingi í krefjandi starf Fagstjóra á sviði Haf- og strandsvæðastjórnunar. Við Háskólasetur er í uppbyggingu ný alþjóðleg, þverfagleg námsleið á meistarastigi í haf- og strandsvæðastjórnun.

Í boði er spennandi starf í litlu en framsæknu háskóla- og rannsóknarumhverfi á Ísafirði. Fagstjórinn hefur rík tækifæri til að sýna frumkvæði með það að markmiði að skapa framúrskarandi náms- og vinnuumhverfi fyrir alþjóðlegan nemendahóp. Starfið krefst mikillar skipulagshæfni, faglegra vinnubragða og vilja til að veita frábæra þjónustu. Til greina kemur að fagstjórinn taki að sér einhverja kennslu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í umhverfis- og auðlindastjórnun eða tengdum fögum æskileg
- Háskólapróf á meistarastigi
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi
- Góð enskukunnátta. Kunnátta í íslensku og norðurlandamáli æskileg

Háskólasetur Vestfjarða er ung stofnun á háskólastigi. Hún hefur það að markmiði að veita fjarnemum á Vestfjörðum fyrirtaks þjónustu og laða að innlenda og erlenda námsmenn. www.hsvest.is

Upplýsingar um störf veitir Peter Weiss, forstöðumaður í síma 450 3040 eða weiss@hsvest.is

Umsóknir sendist sem viðhengi á weiss@hsvest.is og í bréfpósti.

Umsóknarfrestur er til og með 09.11.2007

Suðurgata 12 • 400 Ísafjörður

Ert þú framúrskarandi?

Þá erum við með starfið fyrir þig!

Þú þarft að hafa tölvuþekkingu, geta tileinkað þér nýjungar hratt og vera tilbúin(n) að takast á við krefjandi verkefni.

Í boði er fullt starf og hlutastarf.

Umsóknarfrestur er til 21. október.

Gildi Símans eru fimm: traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður. Starfsmenn Símans hafa þessi gildi að leiðarljósi í öllum störfum sínum.



Viltu slást í hópinn?

AppliCon leitar að einstaklingum í fjölbreytt, krefjandi og spennandi störf, en hjá fyrirtækinu starfar öflugur hópur ráðgjafa með mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins, hérlandis og erlendis.

Ráðgjafi í Fjárhagslausnum SAP

Starfið

- Ráðgjöf með áherslu á áætlunarlausn SAP
- Hönnun og innleiðing áætlanalíkana
- Þátttaka í sölu og kynningu lausna

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða verkfræði
- Reynsla af fjármálatengdum störfum
- Reynsla af áætlanagerð og þekking á OLAP er kostur

Ráðgjafi í Bankalausnum SAP

Starfið

- Greining, ráðgjöf og kynning á bankalausnum SAP
- Þátttaka í hönnun verkferla
- Innleiðing og samþætting lausna við önnur kerfi

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða verkfræði
- Reynsla af fjármálatengdum störfum
- Reynsla af ráðgjöf og þekking á bankaumhverfi

Ráðgjafi í tækniumhverfi SAP

Starfið

- Ráðgjöf, uppsetning og rekstur SAP lausna
- Stillingar á SAP kerfum og tengdum gagnagrunnum

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun og/eða reynsla af rekstri tölvukerfa
- Reynsla af Unix og/eða Windows stýrikerfum
- Reynsla af Oracle og/eða Microsoft SQL gagnagrunnum

Ráðgjafi í viðskiptagreind

Starfið

- Greining og ráðgjöf innan lausna Microsoft og SAP
- Hönnun og útfærsla á vöruhúsi gagna í Microsoft og SAP
- Forritun og gagnagreining á sviði viðskiptagreindar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða verkfræði
- Reynsla af forritun í viðskiptakerfum
- Reynsla af vinnu við viðskiptagreind eða gagnagreiningu

Ráðgjafi og forritari Microsoft-lausna

Starfið

- Greining og hönnun lausna í Microsoft Dynamics, CRM og SharePoint
- Greining og ráðgjöf á sviði sérlausna og samþættingar
- Forritun Microsoft-hugbúnaðarlausna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða verkfræði
- Reynsla af hugbúnaðarþróun
- Þekking á hönnun og forritun upplýsingakerfa

Forritari í Mannauðslausnum SAP

Starfið

- Forritun í ABAP umhverfi SAP
- Ráðgjöf er varðar sérhannaðar lausnir
- Hönnun og þróun á lausnum

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða verkfræði
- Reynsla af forritun
- Gagnrýnin hugsun og frumkvæði í þekkingaröflun

Verkefnastjóri

Starfið

- Faglegur undirbúningur og stýring stærri verkefna
- Miðlun upplýsinga
- Ábyrgð á framkvæmd og áætlun verkefna

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða verkfræði
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af innleiðingu hugbúnaðarverkefna

Umsóknarfrestur er til 25.október nk.

Áhugasamir sendi umsóknir til Ernu Agnarsdóttur, era@appli-con.is, sem einnig veitir nánari upplýsingar.

Hvernig störfum við?

AppliCon er hugbúnaðar- og ráðgjafafyrirtæki á sviði SAP og Microsoft-lausna, með gullvottun frá báðum vörumerkjum. AppliCon starfar í fjórum löndum og starfsmenn eru um 200. Hjá AppliCon á Íslandi starfa yfir 80 manns. SAP er stærsta viðskiptahugbúnaðar-fyrirtæki heims og þriðji stærsti sjálfstæði hugbúnaðarframleið-andinn. Nú starfa um 40.000 manns fyrir SAP í meira en 50 löndum.

Hjá AppliCon eru gerðar kröfur um sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð, hæfni í mannlegum samskiptum, góða enskukunnáttu og sýnilegan metnað til að ná árangri í starfi.

AppliCon fékk árið 2007 hæstu einkunn VR í hópi stórra fyrirtækja, þar sem metin voru m.a. vinnuskilyrði, stolt og starfsandi.

AppliCon
- frá áskorun til árangurs



Vegna aukinna umsvifa auglýsir Háskólinn á Bifröst eftir starfsfólki í eftirtalin störf:

Móttaka, símsvörun, almenn umsýsla og þjónusta við nemendur. Um er að ræða fjölbreytt starf sem krefst frumkvæðis og þjónustulundar.

Almenn bókhaldsstörf, afstemmingar og önnur tilfallandi verkefni í fjármáladeild.

